



7. fundar stjórnar SSA 19. apríl 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.45 í húsakynnum Austurbrúar Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir og Margrét Guðjónsdóttir.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 6. stjórnarfundi SSA og 4. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Eyþingi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og frá vorkundi landshlutasamtakanna lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lagðar fram til kynningar.
 - a) Ályktun frá UMFÍ. ***Stjórn SSA tekur undir þau sjónarmið er fram komu á ungmennaráðstefnu UMFÍ að leitað sé í auknum mæli til ungmenna og tekið tillit til skoðana þeirra á málefnum samfélagsins.***
 - b) Erindi frá SÍS. ***Stjórn SSA er tilbúin til umræðu um hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits en telur brýnt að fyrst liggja fyrir fjöldi útibúa og hvaða verkefni og störf flytjist til heilbrigðiseftirlitanna vegna breytinganna.***
 - c) Greiðslutilkynning vegna samnings um sóknaráætlun.
 - d) Minnisblað frá Vinnuálastofnun.
 - e) Orðsending frá Byggðastofnun.
 - f) Ósk um umsögn. Stjórn SSA mun ekki senda umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið.
 - g) Bréf frá SSH.
 - h) Mannfjöldi á Austurlandi 2015.
 - i) Skipan nýs hreindýraráðs.
 - j) Úthlutun úr Fjarskiptasjóði – Ísland ljósvætt.
 - k) Hvítbók um samgöngumál.

2. Samningur um sóknaráætlun

1. Lokaskýrslur vegna þjónustusamninga SSA við Austurbrú. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. Hún fór yfir efni skýrslanna og reynsluna af starfi í kringum samning um sóknaráætlun.

2. Lokaskýrsla Miðstöðvar menningarfræða á Seyðisfirði lögð fram til kynningar.
3. Breyting úthlutunarreglna Uppbyggingarsjóðs Austurlands og reynsla af starfi sjóðsins til þessa. Gestir: Signý Ormarsdóttir, verkefnisstjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands hjá Austurbrú og Hafliði Hafliðason, fráfarandi formaður úthlutunarnefndar, Kristín Ágústsdóttir, formaður fagráðs atvinnu og nýsköpunar. Þá sat Skúli Björn Gunnarsson, nýr formaður úthlutunarnefndar fundinn í gegnum síma. HH fór yfir reynsluna af starfi fagráða og úthlutunarnefndar og hlutverk SSA í ferlinu. Hann taldi brýnt að skerpa á ferlinu öllu. KÁ sagði brýnt að skýra hvort rannsóknir væru styrkhæfar. Þá væri bráðnauðsynlegt að boða til undirbúningsfunda með fagráðunum, ekki síst vegna mannbreytinga. Sömuleiðis væri mikilvægt að skerpa á verklagsreglunum og hlutverki hvers og eins, mögulega ætti það t.a.m. alfarið að vera í höndum úthlutunarnefndar að ákveða fjárupphæðina. SO tók undir orð KÁ og HH um að fara þyrfti í ákveðna vinnu til að samræma vinnuferlið, þá vanti fagnefnd sem geti tekið afstöðu til þess að breytingar verði á verkefnum eða í það minnsta feril fyrir slík tilvik. Hún taldi að fara þyrfti í töluverða endurskoðun á úthlutunarreglum, verklagsreglum, matsblaði, umsóknarblaði og öllu ferlinu. Gert er ráð fyrir að lokaskýrslum og umsóknareyðublöð verði sett á rafrænt form. Umræða var um vanhæfisreglur. AS velti upp þeirri hugmynd að úthlutunarreglurnar væru lifandi plagg og jafnvel þematengdar. EÁ taldi mikilvægt að allur ramminn væri skýr og mótaður, ekki síst til að mæta gagnrýni eftir úthlutun. Stjórn SSA samþykkir að óska eftir því við Kristínu Ágústsdóttur, Ingvar Örn Þorsteinsson og Skúla Björn Gunnarsson að leggja fram tillögu að breytingum á ferli umsókna í Uppbyggingarsjóð (úthlutunarreglur, matsreglur, verklagsreglur, eftirfylgni, o.s.frv.) og Signý Ormarsdóttir verði þeim til aðstoðar. Þessari vinnu verði lokið fyrir haustið þannig að hægt verði að taka málefni Uppbyggingarsjóðs Austurlands til umfjöllunar á stjórnarfundum SSA í ágúst og á aðalfundi SSA í október.
4. Starfshópur um svæðisskipulag. BB greindi frá stöðu vinnu starfshópsins.
5. Samráðsfundur landshlutasamtaka og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. BB sagði frá efni fundsins.
6. Endurskoðun sóknaráætlunar 2016. BB greindi frá stöðu vinnunnar.

3. Málefni SSA

1. Ársreikningur 2015 – undirritun. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. Hún kynnti reikninginn en því næst var reikningurinn undirritaður.
2. Almenningsamgöngur.
 - a) Staða í Sternumáli.



- b) Minnisblað Hilmars Gunnlaugssonar við nýtt frumvarp um farþegaflutninga.
- c) Lögfræðimat frá Eyþingi á samningi við Vegagerðina.
3. Afmælistálfing. Skipan starfshóps um þekkingaruppbyggingu á Austurlandi. Stjórn SSA samþykkir tillögu framkvæmdaráðs um að skipa Jón Þórðarson (Borgarfirði), Einar Má Sigurðarson (Fjarðabyggð) og Sigurlaugu Jónasdóttur (Fljótshérað) í starfshópinn. Æskilegt væri að hópurinn skilaði inn drögum að verkefnum fyrir haustið þannig að hægt sé að taka þau fyrir á aðalfundi í október nk.
- 4. Önnur mál.**
1. Tilnefning fulltrúa SSA til stjórnar Austurbrúar. Formanni stjórnar SSA falið að senda tillögu inn til starfsháttarnefndar um að aðalmenn í stjórn Austurbrúar verði Sigrún Blöndal og Jón Björn Hákonarson, til vara Gauti Jóhannesson. Jafnframt er formanni falið að senda inn tillögu um fjölda fulltrúa sveitarstjórnarstigsins í stjórn Austurbrúar.
2. Tilnefning fulltrúa SSA til stjórnar Starfa (varamaður). Stjórn SSA samþykkir að tilnefna Gauta Jóhannesson.
3. Tímasetning vinnufundar. Ákveðið að færa dagsetninguna vinnufundar til 18. og 19. ágúst.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 24. maí kl. 12.30 á Egilsstöðum.
Fundu slitið kl. 16.30.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson